

**LEIÐBEININGAR UM AÐFERÐIR
VIÐ TUNGUMÁLANÁM
Talmálsþjálfun í íslensku**

EPALE



Talmálsaðferðin við tungumálanám

Höfundur: Toril Kristin Sjo

Lektor við skor tungumála og norrænna fræða við Háskólann í Osló

Þýtt og staðfært á íslensku, Þórdís Eiríksdóttir og Ásta Sif Erlingsdóttir fyrir EPALE á Íslandi

© Vox 2013

ISBN: 978-82-7724-181-4

Design: Millimeterpress

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Talmálspjálfun á íslensku.....	5
Tenging við námsskrána	5
Að auka talmálsfærnina	5
Hvaða kennslufræðilegu áskorunum stendur þú frammi fyrir þegar þú kennir?	6
Námsumhverfið	6
Þátttaka	6
Að læra sjálfstætt	7
Að læra með félagamönnum.....	7
Væntingar	7
Árangur	7
Markmiðsstjórnun og markmiðssýn	8
Endurmat.....	8
Endurgjöf	8
Hópar	9
Hvaða hjálpargögn?.....	9
Myndir.....	9
Að tala um eða nota myndir.....	9
Að finna réttu myndina.....	10
Að nota teikningar	10
Mismunandi notkun á myndum	10
Fimm möguleikar við notkun mynda í tungumálakennslu.....	11
Samræður.....	11
Að nota samræður eins og kennslubók	12
Að nota samræður eins og kennsluverkfæri	12
Að spyrja góðra spurninga.....	13
Að nota hópa	13
1 Púsluspilið	14
Útlit töflunnar sem notuð er í púsluspilsæfingunni	14
2 Samstarf í námi – að læra saman	15
3 Skipulögð vinna í hópum	16
Hvernig breytir þú kennslunni hjá þér?	16
Talþjálfun í hópum	17
Hópar og kennsla í öðru tungumáli	17

Hópaskipting.....	18
Hvað er talþjálfun?.....	18
Svona hefst starfið.....	18
Þemu.....	18
Hraði.....	19
Stuðningstungumál.....	19
Hjálpartæki.....	19
Æfingar.....	19
Finna félag.....	19
Tveir hringir.....	20
Fljóti Robin.....	20
Hringborð.....	20
Röð.....	20
Auðlindahornið.....	21
Kassi með miðum.....	21
20 spurningar.....	21
Stúlæfing - einföld.....	21
Stúlæfing - hlaupandi.....	21
Stúlæfing - erfiðari.....	22
Fleiri æfingar.....	22
Námsefni.....	22
Framburður.....	23
Íslensku stafirnir.....	23
Framburðarþjálfun.....	23
Sérhljóðar.....	23
Líkamleg viðbrögð (TPR).....	24
Heimildaskrá.....	26
Viðbótarlesefni.....	27

Talmálsþjálfun á íslensku

Í þessum kafla er athyglinni beint að þeim áskorunum sem tengjast kennslufræðunum og hvernig best er að byggja kennsluna upp þannig að þátttakendur tali eins mikið og mögulegt er á meðan á henni stendur. Kaflinn er ekki um hvernig nemendurnir læra að tala eða kennsluferlið sjálf.

Margir þátttakendur tala ekki mikla íslensku fyrir utan skólann áður en þeir byrja að vinna. Þess vegna skiptir miklu máli að nýta þennan vettvang sem allra best. Við gefum ykkur góð ráð um hvernig þið getið sniðið kennsluna eftir þörfum og áhugasviðum þátttakenda svo þeir taki virkan þátt, tjái sig og noti nýja tungumálið. Til eru margar aðferðir til að ná þessum markmiðum, en flestar kennsluáðferðir leggja áherslu á mikilvægi þess að þátttakendur vinni saman.

Nákvæm heilræði, sem gagnast vel við talmálskennslu fyrir hópa, eru tilgreind í sérstökum kafla í lok þessa skjals.

Í kaflanum getur þú lesið um

- talmálsfærni
- áskoranir í kennslunni
- hjálpartæki
- hvernig þú breytir kennsluáðferðum þínum

Einnig er að finna ítarlega heimildarskrá og lesefni sem mælt er með varðandi báðar greinarnar í lok skjalsins.

Tenging við námsskrána

Í námsskránni er aðaláherslan lögð á talmálið, sérstaklega í áföngum sem tengjast stafrófsröðun. Einnig á nauðsyn þess að talmálið og ritmálið sé notað jöfnum höndum. Talmálskunnáttan er samt sem áður jafn mikilvæg öllum sem eru í íslenskuþjálfun. Færni í talmálinu er undirstaða allra samskipta og er allavega jafn mikilvæg og ritfærni á öllum matsstigum. „*Líta skal á þjálfun í talmáli og ritþjálfun sem eina heild þannig að færni í öðru komi binu til góða*“ (bls. 10).

Samkvæmt prófessor Ted Glynn er aukin áhersla á talþjálfun eitt undirstöðuatriði góðs árangurs við að læra að lesa og skrifa erlent tungumál (Glynn, 11. september 2012).

Nemendur sem hafa litla eða enga skólagöngu að baki eiga erfitt með að ná jafn góðri færni í talmáli eins og þeir sem hafa meiri menntun. Námið tekur lengri tíma og hætta er á að eftir stuttan tíma hætti fólk að bæta við sig kunnáttu og „festist“ með ákveðna lágmarksfærni. Ein af mörgum mögulegum lausnum til að efla talmálskunnáttuna er að hafa fjölbreytilegt innlegg í kennsluna (magn, tegundir verkefna og styrkleika) og nota mismunandi kennsluáðferðir. Góður grunnur í talmáli er ekki einungis nauðsynleg undirstaða til að geta lært að lesa og skrifa nýtt tungumál, heldur líka til að geta verið virkur þjóðfélagsþegn á hvaða stigi sem er.

Að auka talmálsfærni

Tungumálanám er ekki einungis undir hvatningu, getu og bakgrunni komið. Það fer líka eftir því hvers konar félagslegu umhverfi kennslan er í og hvaða tungumál eru töluð þar. Eitt af undirstöðuatriðum í tungumálanámi er að nota tungumálið í félagsskap annarra (Swain 1995 og Painter 1985 í Gibbons 2010). Mikil og fjölbreytileg tenging við tungumálið, möguleikar til að nota það á skapandi hátt og prófa kunnáttuna í félagslegum samskiptum sem og jöfn áhersla á mismunandi form tungumálsins bera vott um góða tungumálakennslu.

Þegar maður lærir tungumál er maður líka að læra ákveðna tækni. Í öllum kennslufræðum og aðferðum í dag er aðaláherslan lögð á að nemendur séu virkir og leggi sig alla fram. Í dag trúir enginn að hægt sé að læra með því að kennarinn yfirfæri þekkingu sína til nemandna. Til að einstaklingur nái að læra tungumál þarf hann sjálfur að vera virkur og ábyrgur fyrir námi sínu án tillits til fyrri skólagöngu. Þátttakandinn þarf að einbeita sér og vera meðvitaður um hvaða form tungumálsins hann eða hún er að nota eða heyrir.

Að læra tungumál er eilífðarverkefni. Snemma á ferlinu er áherslan á að læra hljóð, grunnorðaforða og að byggja upp einfaldar setningar. Seinna nær einstaklingurinn góðum, gagnlegum orðaforða og getur myndað flóknari setningar. Þegar þekkingin er orðin meiri langar einstaklinginn að bæta bæði framburð og setningarfræði og nýta þekkinguna til að eiga auðveldara með að taka þátt í samræðum. Markmiðið er að geta sagt hvað manni finnst og skilja hvað aðrir segja. Hlustun og skilningur æfist með því að fylgjast með og hlusta á það sem er að gerast í kringum mann og enn frekar með því að svara spurningum og tala við aðra. Fólk á auðveldara með að skilja en tala og algengt er að fólk skilji flóknara mál en það er fært um að tala sjálf.

Við notkun talmálsaðferðirnar í tungumálanámi er gerður greinarmunur á aðferðum þar sem áherslan er lögð á innihaldið eða samskiptin og aðferðum þar sem áherslan er lögð á uppbygginguna eða umgjörð tungumálsins. Þegar gerðar eru samtalsæfingar og raunverulegar samræður eiga sér stað sannreyna þátttakendur tilgátur um tungumál og *æfa sig að tala á nýja tungumálinu*. Þegar um er að ræða kennslu sem byggir á uppbyggingu og umgjörð tungumálsins er áherslan lögð á að æfa og skilja málfræðilega rétta notkun tungumálsins.

Að kenna talmál er allt annað en framburðarkennsla. Framburðarkennsla er sérstakt fag þar sem áherslan er lögð á hvernig hljóð eru borin fram á íslensku, þ.e. lítið er á hljóðkerfið og hljóðfræði tungumálsins. Þegar talmál er kennt er áherslan lögð á að æfa sig og á getuna til að nota tungumálið til að gera sig skiljanlegan, þ.e. að geta komið óskum sínum á framfæri og tekið þátt í samræðum við aðra. Hér verður ekki fjallað um kennslu í framburði.

Hvaða kennslufræðilegu áskorunum stendur þú frammi fyrir þegar þú kennir?

Námsumhverfið

Kennarinn hefur mikil völd og situr við stjórnvölinn í kennslustofunni. Kennarinn ber ábyrgð á því að þátttakendum sé boðið uppá öruggt og gefandi námsumhverfi þar sem næg tækifæri gefast til að prófa sig áfram á nýja tungumálinu.

Þátttaka

Öruggt námsumhverfi er forsenda þess að fullorðið fólk hefji og stundi nám af einhverju tagi. Það skiptir einnig sköpum að námið hafi tilgang. Áhugasvið ræður því hvaða mál fullorðið fólk velur að stunda og innihald námsins þarf að skipta það máli. Hvers vegna ættum við að taka þátt í samræðum og ræða mál sem okkur finnst ekki varða okkur á neinn hátt? Við skráum okkur á námskeið ef við höldum að þau muni nýtast okkur og við hættum ef þau uppfylla ekki væntingar. Þegar kennsla er skipulögð þannig að samskiptin eru raunveruleg og þátttakendur geta notað það sem þeir kunna eykst áhuginn og námið hefur tilgang. Nemendurnir eru virkir og taka mikinn þátt í námsferli sínu. Raunveruleg og gagnleg þátttaka skiptir fullorðna nemendur sérstaklega miklu máli.

Að læra sjálfstætt

Fullorðnir nemendur þurfa einnig að byggja upp og taka ábyrgð á námi sínu með því að vera virkir. Náam sem þú stýrir sjálfur er þýðingarmikið nám. Sjálfstætt nám felur í sér að nemandinn tekur fullan þátt í námi sínu og er ekki bara hlutlaus móttakandi.

Að læra með félag

Við lærum oft meira af vinum og bekkjarfélögum en kennaranum okkar og við lærum meira af þeim sem eru á svipuðum stað í tungumálanáminu og við sjálf. Þegar jafningjar læra hver af öðrum og hver með öðrum geta þeir stutt hver annan, spáð í hlutina og skorað hver á annan. Fólk er óhræddara við að reyna að tala og eiga samræður í litlum, öruggum hópum þar sem allir eru að læra málið. Fleiri þora að spyrja spurninga og láta reyna á kunnáttu sína. Þátttakendur gefa hver öðrum heiðarleg viðbrögð strax, skiptast á skoðunum, velta hlutum fyrir sér og rifja upp þekkingu sína á meðan þeir ræða málin og eiga samræður hver við annan. Þegar þátttakendur ræða spurningar kennarans og ýmis málefni við jafningja sína áður en þeir kynna svör sín fyrir öllum bekknum hafa mikið fleiri en þeir einir tekið þátt í að undirbúa svárið. Það þýðir að öllum þátttakendum hefur gefist aukið tækifæri til að tala. Þegar lært er með félögum læra þátttakendurnir ekki einungis um viðfangsefnið og samskiptin, heldur líka að vinna saman, hlusta hver á annan og hjálpa hver öðrum. Þess vegna er kerfisbundin samvinna mjög góð kennsluaðferð.

Væntingar

Margir þátttakendur eru mjög tilbúnir og langar mikið að læra tungumálið sem er talað í nýja landinu. Þeir hafa stundum miklar væntingar til tungumálanámsins. Íslenskunám er allra hagur. Hins vegar geta skapast hindranir við tungumálanám ef nemandinn kann ekki á kennsluumhverfið og hvernig hann þarf að hegða sér inni í kennslustofu til að geta nýtt sér kennsluna. Ef fyrri reynsla af námi eða reynslan af náminu núna er neikvæð getur það haft mikil áhrif á árangurinn. Tilfinning fyrir árangri skapar jákvæða og góða ímynd af námi, en bara það að hafa sjálfur trú á eigin hæfileika er ekki alltaf nóg. Væntingar kennarans til þátttakandans skipta einnig miklu máli varðandi námsárangurinn. Kennarinn þarf að hafa skýrar, en raunsæjar væntingar til hvers einasta þátttakanda. Þegar þátttakendur hafa möguleika á að sýna hvað þeir kunna, upplifa framfarir og eru teknir alvarlega verða þeir áhugasamari um að standa sig. Markmiðssetning, hugleiðingar og mat á því sem maður er búinn að læra eru góðar aðferðir til að skilgreina væntingar og námsárangur.

Árangur

Að læra nýtt tungumál á fullorðinsaldri er áskorun fyrir flesta. Bara að tala alþjóðamálið ensku, þegar maður er ekki vanur því getur falið í sér mikla áskorun, sérstaklega þegar maður reynir að ná réttum breskum framburði. Þessi kunnuglegu en samt útlendu hljóð geta jafnvel verið ógnvekjandi. Það er nauðsynlegt að þátttakendur upplifi að þeim fari fram til að þeir hafi áhuga á að reyna að læra. Fullorðnu fólki sem er að læra nýtt tungumál getur liðið eins og smábörnum og upplifað að almennir fordómar um að þeir sem tala einfalt mál séu einfaldir líka, eigi við það. Þess vegna þurfa þátttakendur að hafa sjálfstraust og skilja að allt tungumálanám hefst á byrjunarreit og það að prófa sig áfram og gera mistök er hluti af námsferlinu. Kennarinn þarf að bjóða upp á nóg af efni til að prófa og tækifæri til að upplifa árangur í öruggu umhverfi og styðja þátttakendurnar sem fullorðið fólk og með virðingu.

Markmiðsstjórnun og markmiðssýn

Markmiðsstjórnun er mikilvægt hugtak í hugrænum kennslufræðum. Við erum betri nemendur ef við vitum hvað við munum læra. Eftir því sem þú ert eldri þess meiri áherslu leggur þú á árangurinn (Anderman 2002). Í bekkjum þar sem fullorðið fólk situr, getur skörp sýn þátttakendana á markmiðin hjálpað kennaranum að auka gæði kennslunnar og gefið þátttakendum gæða-nám til lengri tíma.

Afstaða kennarans til þekkingar sést á markmiðssetningunni. Meðvitað eða ómeðvitað byggir bæði vinna kennarans og nemandans á þeim markmiðum sem sett hafa verið í kennslunni. Markmiðin geta verið tvíþætt – markmið sem sett eru varðandi frammistöðu og markmið sem sett eru um árangur. Nemendur sem sett hafa sér markmið um frammistöðu líta oft á greind sem eitthvað sem er stöðugt og óbreytanlegt. Í kennslustofu, þar sem aðalmarkmiðið er frammistaðan í tíma, er sérstök athygli gjarnan lögð á að standa sig vel, fá hærrí einkunnir en aðrir og yfirleitt að fá háar einkunnir. Litið er á mistök sem tákni um getuleysi og bæði nemendur og kennarar eru uppteknir af því að bera saman frammistöðu.

Einstaklingur með frammistöðutengd markmið mun spyrja eftirfarandi spurningar: Er ég nógu góður? Einstaklingur með árangurstengd markmið mun spyrja eftirfarandi spurningar: Hvernig get ég sem best aukið hæfni mína og náð árangri? Mistök gefa til kynna að aðferðin sem einstaklingurinn hefur valið sé léleg og því er hægt að breyta. Einstaklingar með árangurstengd markmið beina athyglinni að árangri og námi. Markmið þeirra er að auka þekkingu sína. Mikilvægur þáttur er sú trú að hægt sé að vinna með greind og að hún vaxi þegar fólk leggur sig fram. (Dweck og Leggett 1988, Anderman et al. 2002). Þegar unnið er með árangurstengd markmið er lærdómsávinningurinn skilgreindur sem framfarir og aukin geta.

Viðleitni í námi og það að nýta mistökin í lærdómsferlinu skiptir meira máli en samburður á námsniðurstöðum.

Áhersla á árangurstengd markmið skilar gagnlegri lærdómi sem ristir dýpra. Þess vegna ættu kennarar að hjálpa nemendunum að setja sér árangurstengd markmið í stað frammistöðumarkmiða og líta ekki svo á að vitsmunir fólks standi bara í stað.

Endurmat

Endurmat og meðvitund um eigið námsferli eru nátengd markmiðsstjórnun og mati. Hvað langar mig að læra? Hvernig get ég lært það? Er ég búinn að læra það? Hvernig lærði ég það? Í samtölum sínum geta þátttakendurnir rætt þessi atriði og nýtt tungumálakunnáttuna. Þrátt fyrir stutta skólalöngu sjáum við að þau ræða bæði form og innihald og þróa með sér hjálparmál til að nota (Lindberg 2003).

Endurgjöf

Endurgjöf og áfangamat skarast og eru nátengd. Nauðsynlegt er að hegðun og hugsanagangur kennara breytist þegar matsaðferðin breytist frá heildstæðu lokamati til áfangamats (Black and Wiliam 1998). Hægt er að segja að matið sé mikilvægasti hluti vinnu kennarans. Margir kennarar beina sjónum sínum fyrst og fremst að leiðréttingum og eyða miklum tíma í slíka vinnu. Endurgjöfin er sá hluti námsins sem hefur mest áhrif á hvað lærist (Hattie 2008), en þegar rannsóknir sýna líka að endurgjöf sem er ekki markmiðstengd getur haft neikvæð áhrif á námið (Black and Wiliam 1998), er mikilvægt að vita hvers konar endurgjöf hefur jákvæð áhrif. Nemendur ættu að huga vel að endurgjöfinni og hvað skiptir máli, sem og að fá hjálp kennarans við að greina mistök sín. Það gerir leiðréttingavinnuna skilvirkari fyrir bæði kennara og nemanda. Verkefni og próf sem kennarinn leiðréttir geta verið uppbyggileg ef þau eru notuð til að auka þekkinguna með virkum hætti. Ef þau eru aðeins notuð til að meta árangur í lok námskeiðs með tilliti til einkunnagjafar, er þetta ekki góð aðferð til að bæta námsárangurinn. Ef endurgjöfin er einungis í formi einkunna getur hún verið niðurdrepandi (Black and Wiliam 1998). Það er ekki vænlegt til árangurs að leggja áherslu á leiðréttingar með rauðu letri í textann sem skrifaður hefur verið og gera óuppbyggilegar leiðréttingar á talmáli. Nauðsynlegt er að endurgjöfin sé uppbyggileg til að hún virki sem hvatning.

Hópar

Áhersla í öllum kennslufræðum er lögð á ávinninginn af því að læra í gegnum samskipti í hópum þó hópavinna sé ekki sjálfkrafa trygging fyrir góðum námsárangri. Þvert á móti getur óskipulögð vinna í hópum verið bæði niðurdrepandi, þirrandi og skaðleg. Nauðsynlegt er að hópvinna byggji á ákveðnum lögmálum eða reglum til að tryggja gott námsumhverfi. Hægt er að lesa meira um þetta í kaflanum “Að nota hópa”.

Hvaða hjálpargögn?

Eins og fram hefur komið eiga þeir sem hafa litla eða enga skólagöngu að baki erfitt með að ná jafn góðu valdi á málinu og þeir sem hafa meiri menntun. Um leið skiptir málfærni öllu máli svo viðkomandi geti lært að lesa og skrifa. Þess vegna þurfa kennarar að kunna fjölda aðferða og vera færir um að búa til verkefni í tungumálanáminu þar sem öllum þátttakendum er gefið tækifæri til að nota tungumálið.

Kennsluefni og aðferðir sem hæfa munnlegu tungumálanámi (á byrjendastigi) þar sem nemendur og kennari kunna ekkert sameiginlegt tungumál, eru myndir, kvikmyndir, stafræn hjálpargögn, hlutir, skriflegir og munnlegir textar, látbragð og bendingar. Þar að auki gefur það einstaklega góðan árangur að „vera bara saman“.

Myndir

Gott er að nota myndir við munnlega tungumálakennslu. Þær eru alger nauðsyn fyrir þá sem eru að byrja að læra nýtt tungumál þegar kennari og nemendur geta ekki talað saman á neinu tungumáli. Kennarinn þarf að íhuga vandlega hvernig myndir ætti að nota til að æfa mismunandi notkun á málinu. Myndir geta haft ýmsan tilgang (Wright 1993:17), svo sem:

- að hvetja nemandann til þátttöku
- að koma með aðstæðurnar inn í kennslustofuna
- að lýsa þeim hlut sem talað er um (Þetta er strætó)
- að skýra hlutinn (Þetta er kannski innanbæjarstrætó)
- að gefa álit sitt (Mér finnst gaman að ferðast í strætó)
- að gefa vísbendingar um svör við spurningum
- að örva og gefa upplýsingar sem hægt er að nota í samtölum, umræðum og að segja sögur

Að tala um eða nota myndir

Gerður er greinarmunur á milli þess að *tala um* myndir og að *nota* myndir í kennslunni á meðan *talað er*. Þegar mynd er lýst er verið að tala um hana. Þegar talað er og myndin er notuð á sama tíma er verið að nota hana huglægt til að byrja samræður frá eigin brjósti og til að fá önnur sjónarmið. Við getum lýst því sem við sjáum á myndinni. Hvað er þetta? Þetta er Reykjavík, höfuðborg Íslands. Eða við getum spurt: Hefur þú komið til Reykjavíkur? Hvað sástu þar? Hvað gerðir þú? Hvernig var veðrið? Hvern heimsóttir þú? Hvað fannst þér skemmtilegast? Hvað fannst þér leiðinlegast? Langar þig að fara þangað aftur? Af hverju? Af hverju ekki?

Að finna réttu myndina

Myndin sem notuð er, er valin með tilliti til þess hvaða markmiði á að ná. Hægt er að nota sömu myndina hvar sem fólk er stadd í náminu. Val myndarinnar ætti að tengjast því sem verið er að vinna með og verkefninu sem á að leysa. Það kallast ýkt tillitssemi þegar kennarinn einfaldar hluti um of. Hafa ber í huga að þátttakendurnir eru fullorðið fólk sem getur bæði skilið og skynjað en kemur úr öðru menningarumhverfi en kennarinn.

Skýrar, einfaldar myndir henta mjög vel til að læra ný orð og hugtök. Flóknar myndir sem geta haft mismunandi merkingar eru tilvaldar til að koma af stað umræðum og gefa fólki tækifæri til að prófa sig áfram með tungumálið hvar sem það er stadd í náminu og prófa tilgátur. Bendið á, sýnið og notið ólíka merkingu orða í stað þess að líta á þau sem „röng“ eða truflandi.

Fleiri en einn möguleiki á túlkun og nokkrar hliðar á sama máli hjálpa okkur að sjá hlutina og öðlast skilning á þeim. Leyfið þátttakendunum að velja myndirnar sjálfum eða koma með sínar eigin myndir og leyfið þeim að segja frá því sem þeir sjá. Sú mynd sem hentar best er sjálfstæð mynd sem hægt er að túlka á mismunandi hátt, mynd sem hefur merkingu, áreiðanleika og samræmi.

Myndir úr umhverfinu sem þátttakandinn getur samsamað sig við og áhrifamiklar myndir sem hægt er að túlka á ýmsan máta eru góður grunnur fyrir tungumálaleiki og nám.

Að nota teikningar

Vísindamennirnir Victor Lowenfeld og W. Lambert Brittain gáfu út bókina „Sköpunargáfa og andlegur vöxtur“ árið 1957. Mikið af rannsóknnum þeirra eiga enn við. Þeir trúðu að börn fæðist með hæfileikann til að tjá sig með myndum og ef þeim er gefið frjálstræði til að skapa mun það hafa áhrif á þroska þeirra á mismunandi stigum – tilfinningalegan, vitsmunalegan, líkamlegan, félagslegan, fagurfræðilegan sem og á sköpunarkraftinn.

Teikning snýst ekki eingöngu um að þróa hreyfigetu og öðlast betri sjónræna stjórn. Hún snýst um svo miklu fleiri ferli. Í teikningu felast tjáskipti og hún er hluti af tjáningu barna. Segja má að teikningarferlið sé hluti af þróun sjónræns tungumáls. Um leið er samræðan í ferlinu mikilvæg, samtal barna við sjálf sig, samtal við önnur börn og tjáskipti milli barna og fullorðinna.

Teikningar eru ekki notaðar á skipulagðan hátt í fullorðinskennslu. Kannski leynast þar ónotaðir möguleikar. Að teikna og segja sögur getur verið bæði hömlulosandi og skemmtilegt. Það er líka þægilegt fyrir þá sem hafa litla menntun að nota blýant og liti og draga línur til að læra að skrifa stafi.

Wright (1993) trúir því að teikningar sem þátttakendur hafa gert skipti miklu máli þegar einstakling langar til að tjá eitthvað sem er persónulegt og sérstakt. Teikningarnar þurfa ekki að vera háþróaðar – þvert á móti. Í bók sinni sýnir Wright hversu auðvelt það er að læra að teikna góðar, skýrar teikningar. Myndirnar geta verið einfaldar figúrur og línur. Hann bendir á að ánægjan sem fylgir því að reyna að teikna skiptir meira máli en það að myndin sé falleg.

Mismunandi notkun á myndum

Einfaldar myndir eru gott hjálpartæki þegar þær eru notaðar á skipulagðan hátt undir leiðsögn kennara og þær tengjast markmiðum. Sem dæmi um slíkt er að nota myndir til að læra heiti matvæla.

Flóknar myndir henta best þegar um er að ræða fyrir opin og skapandi tjáskipti, t.d. til að útskýra, ræða, skiptast á skoðunum og segja álit sitt. Þegar myndir eru notaðar á vélrænan hátt er verið að leggja aðaláherslu á málfræðiflokka eða framburðaræfingar. Slíkar æfingar eru oft undir stjórn kennara og kennarinn veit yfirleitt hvernig nemandinn mun svara. Sem dæmi má nefna að kennarinn spyr: Hvað er hún að gera? Nemandinn svarar: Hún er að hlaupa.

Þegar myndir eru notaðar til að fá fólk til að tjá sig nota þátttakendur formgerðina sem kennarinn vill að þeir noti, en þátttakandinn hefur tækifæri til að nota tungumálið á frjálslægri máta með því að giska. Sem dæmi má nefna þegar kennarinn sýnir aðeins hálfu myndina (t.d. búkinn) og spyr: Hvað er hún að gera? Þá

þarf þátttakandinn að giska. Þegar notaðar eru myndir sem líkjast hlut eru myndir notaðar í stað hlutarins. Þátttakendur sitja í hópum eða tveir og tveir saman og eru t.d með myndir af mat á hvolfi fyrir framan sig. Einn þátttakandinn snýr við mynd og spyr: Þykir þér ís góður? Hinn gefur viðeigandi svar, (já, nei, stundum). Hægt er að nota myndir á raunverulegan hátt til að gera könnun á viðhorfum nemenda í bekknum. Fólk spyr hvert annað hvort þeim líki mismunandi tegundir matar (sér blað fyrir hvern þátttakanda). Kennarinn safnar blöðunum saman og sýnir etv. tölfræðilegar niðurstöður fyrir bekkinn.

Fimm möguleikar við notkun mynda í tungumálakennslu

Hægt er að nota myndir á mismunandi hátt við tungumálakennslu. Wright (1993) nefnir fimm möguleika:

- formgerð (þ.e. tíðir, frumlag, sögn, andlag, spurningar)
- orðaforða (t.d. til að nota í nærumhverfinu og um fólk)
- málnotkun (t.d. kurteisistal, hvernig hlutum er lýst, tjáning ánægju eða óánægju)
- aðstöðu (lýsingar, skrifa samtál)
- færni (hlustun: hvað er rétt og hvað ekki? Lestur: bera saman tvo texta um sömu myndina. Skrift: skrifa kafla um eitthvað sem er að gerast á myndinni. Talmál: fela myndina og biðja þátttakendur um að lýsa henni eftir minni.

Einnig er hægt að nota myndir á annan hátt, t.d. að sýna þær örstutt. Sýnið myndina rétt í svip og spyrjið: Hvað sástu? Látið þátttakandann giska og tala. Slíkar æfingar gefa þátttakendum ástæðu til að ræða, tala og hlusta á álit og ágiskanir hvers annars.

Yfirleitt sýnir kennarinn myndina og biður þátttakendur um að lýsa því sem þeir sjá. Þátttakendur mega samt líka koma með eigin reynslu og skoðanir og „tala og nota“ myndina eins og áður var lýst. Einnig er hægt að gefa þeim æfingar þar sem þeir búa til aðstæður í fortíð eða framtíð sem byggja á myndefninu. Fleiri dæmi:

- kennarinn sýnir mynd af fjölskyldunni eða fólki sem hann þekkir – þátttakandinn giskar – kennarinn svarar í lokin.
- kennarinn sýnir nokkrar myndir af ólíkum listaverkum – þátttakendur velja hvert þeirra þeir „vilja“ og hvar þeir vilja hengja það upp (í stofunni?) og segja hvers vegna.
- þátttakendur lýsa stöðum eða fólki fyrir hver öðrum og þeir giska hvar þeir séu staddir.

Samræður

Hægt er að skipta tungumálinu sem þátttakendur hlusta á eða tala sjálfir í tvo flokka: Ílag (e.input) og frálag (e.output). Ílagið er oft setningar sem eiga vel við (eitthvað sem kennarinn hefur sagt) í tungumálanáminu. Varðandi málskilning er þekking á orðum talið vera það sem mestu máli skiptir. Í frálagi hins vegar og þegar þátttakandinn býr til eigin setningar, prófar hann sig áfram við að byggja upp setningar sem ganga upp málfarslega (Crossly and McNamara 2010). Við munnlegu tungumálaþjálfunina er möguleikinn á að prófa og nota tungumálið undirstaða námsframvindu. Samræður í tíma, þar sem kennarinn spyr spurninga og einn nemandi í einu svarar, taka langan tíma og skila ekki miklu. Það er vænlegra til árangurs að skapa aðstæður sem auðvelda nemendum að tjá sig frjállega og æfa kunnáttu sína með því að tala. Þannig fá þeir, sem er ekki eins reyndir námsmenn og ekki svo góðir í að tala í hópum, líka tækifæri til að bæta sig.

Að nota samræður eins og kennslubók

Þegar fólk lærir íslensku er það yfirleitt tvennt sem það lærir. Fyrst og fremst þarf það auðvitað að læra að tala málið, en það þarf líka að læra um íslenskt samfélag, rétt sinn og skyldur.

Í hefðbundnum samræðum í bekk og vinnu í litlum hópum prófa þátttakendur kenningar sínar um tungumálið um leið og þeir spá í hvernig þeir og aðrir nota málið. Þetta dregur athygli þeirra að þáttum í málinu sem þeir myndu annars ekki hafa hugleitt og gefur þeim tækifæri að ræða og velta hlutum fyrir sér í öruggu umhverfi. Þegar þeir fara nánar út í sameiginleg vandamál ræða þeir t.d. ólíkar lausnir, deila, spyrja spurninga og leysa úr misskilningi. Þetta leiðir til stórkostlegra framfara í samningatækni á nýja málinu og samræðum um tungumál. Þekking á uppbyggingu tungumála er sérstaklega mikilvæg fyrir þátttakendur sem hafa litla menntun að baki (Lindberg 2000).

Lindberg (2000) dregur fram mikilvægi samtala og talar um hvernig við getum notað samtöl eins og kennslubók. Samtöl eru mikilvæg á öllum stigum munnlegs tungumálanáms og gegna ýmsum hlutverkum á sama tíma. Samtal er:

- félagsleg virkni
- uppspretta þekkingar
- algengasta ástæða þess að við notum tungumál (við tölum jafnvel við okkur sjálf)
- leið til að byggja upp sambönd
- verkfæri til að æfa og ná betri munnlegri færni, íhugun og skilningi

Að nota samræður sem kennsluverkfæri

Það er ekki hægt að skipa þátttakendum bara í hópa, skilja þá síðan eftir og halda að þeir muni sjá um að tala. Nauðsynlegt er að kennarinn undirbúi sig og notfæri sér þekkingu sína á kennslufræði. Kennarar reyna oft að nota stýrð samskipti (úr atferlisstefnu) til að reyna að koma í veg fyrir að nemendur setji saman vitlaust uppbyggðar setningar. Þó þetta sé gert með gott eitt í huga verkar það hins vegar takmarkandi og hamlandi fyrir tungumálaþróun þátttakenda.

Aðferðirnar tvær að *Kynna – æfa sig og búa til* og *Byrjun – svörum – og endurgjöf* eru vísbendingar um véldræna sýn á samskipti (Gibbons 2010). Við kennslu af því tagi yfirfærir kennarinn og dreifir upplýsingum og þátttakandinn tekur á móti þeim, geymir þær og aðlagar. Setningar sem eru búnar til í þeim tilgangi að vera málfræðilega réttar fyrir kennarann eru kallaðar „ritstýrðar setningar“. Þessi aðferð er algeng í skólum.

Kennarinn spyr lokaðra spurninga til að kanna málskilning þátttakandans. Lokaðar spurningar geta verið hjálplegar, en nægja ekki einar og sér. Þegar kennarinn spyr (“Gettu hvað ég er að hugsa um”) svarar (giskar) þátttakandinn og kennarinn metur svarið. Þátttakandinn svarar í stuttu máli og notar stuttar setningar sem er ekki eðlileg málnotkun. Til þess að vera viss um að þátttakandinn geti yfirfært þekkingu og notað hana sjálfstætt þegar hann vill er einnig nauðsynlegt að eiga óheftar/frjálssar samræður.

Fyrri aðferðin sem kynnt er hér að ofan er dæmi um heft samtöl. Þegar samtöl eru óheft læra nemendur að taka til máls, kynna viðfangsefni, skiptast á skoðunum og nota tungumálið við ýmsar aðstæður sem ekki eru til staðar þegar samræðan er „ritstýrð“. Samræður eru ekki aðeins aðstæður til að æfa formgerð tungumálsins heldur líka undirstaða þess að þróa setningarfræðikunnáttu (Hatch 1978). Fólk lærir tungumál fyrr ef það prófar sig áfram í talmáli frekar en þora ekkert að segja nema „ritstýrðar setningar“ (Barnes 1978). Yfirleitt spyr kennarinn margra spurninga í kennslustofunni, en þátttakendur svara aðeins helmingi þeirra. Þegar árið 1974 (Holley og King 1974 í Lindberg 2000), var gerð könnun þar sem fundið var út að bara með því að gefa nemendum aðeins fleiri sekúndur til að svara myndi þátttakan aukast. Ef við bætum við tíma fyrir þátttakendurna til að spjalla saman tveir og tveir áður en þeir þurfa að svara, fá allir tækifæri til að taka þátt.

Að spyrja góðra spurninga

Kennarinn verður að vera meðvitaður um hvernig spurninga best er að spyrja. Þegar spurningarnar eru góðar og hvetja til þess að nemendur noti tungumálið og sýni hvað þeir kunna, virka þær sem hvatning til frekara tungumálanáms á öllum námsstigum (Cranton 2006).

Dæmi um spurningar kennara:

Hvað er maðurinn að gera? Svar: Ganga.

Eða:

Segðu mér hvað þú sérð. Hvað er að gerast? Það er maður að ganga á veginum? Hvert heldurðu að hann sé að fara?

Ábendingar frá Cranton:

- vertu nákvæmur og beinskeyttur.
- færðu þig frá því almenna til hins sérstæða.
- ræddu málin.
- ekki endurtaka svör þátttakandans við spurningum þínum.
- það skiptir máli að það sem rætt er um sé raunverulegt. Reynið að ná fram alvöru samræðum, ekki bara stuttum svörum við spurningum kennarans.
- að koma með upplýsingar sem svar við spurningu kennarans er óeðlileg málnotkun og bætir ekki tök á tungumálinu.
- við fjölbreytta, eðlilega tungumálanotkun, komum við með uppástungur, íhugum og glímum við túlkun og merkingu. Við tjáum samþykki okkar, ósamþykki, náum samkomulagi, drögum ályktanir, hrósum hvert öðru, þökkum fyrir og bjóðum fram hjálp.
- ekki spyrja spurninga sem hægt er að svara með já eða nei ef þú vilt að þátttakendurnir bæti við tungumálakunnáttu sína.
- spurðu spurninga sem byggja á reynslu og áhugasviði þátttakendanna svo samræðurnar verði áhugaverðar og við hæfi.

Í venjulegum, eðlilegum samtölum eru ýmiskonar „eyður“ eða hik, t.d. þegar beðið er um upplýsingar, leitað álit og þegar við reynum að skilja og skynja. Slíkar eyður hjálpa okkur að tala. Það er góð leið til að eiga venjuleg, eðlileg samtöl í kennslustofunni að nýta svona eyður.

Undir eðlilegum kringumstæðum vitum við hvernig skoðanaskiptum við höfum áhuga á og hvað við viljum ræða. Það verður að vera ástæða fyrir því að við viljum taka þátt í samræðum.

Að nota hópa

Það er alltaf nauðsynlegt að gera ákveðið mat þegar verið er að undirbúa kennslutíma. Allir kennarar velja og meta innihald og athafnir samkvæmt meðvituðum og ómeðvituðum meginreglum. Það gæti verið góð hugmynd að velja þessum fimm spurningum fyrir sér (Wright 1993):

1. Er auðvelt að undirbúa verkefnið?
2. Er auðvelt að skipuleggja verkefnið í kennslustofunni?
3. Hafa þátttakendurnir áhuga á því sem á að gera?
4. Skiptir verkefnið máli og er það raunverulegt?
5. Hefur verkefnið í för með sér þörf á frekari notkun tungumálsins?

Svarið við öllum þessum spurningum ætti að vera já. Ein aðferð sem nota mætti til kennslu samkvæmt þessum lögmálum gæti verið skipulögð hópvinna.

Hægt er að byggja upp hópvinnu með tilliti til ýmissa sjónarhorna. Í fyrsta lagi er það viðfangsefnið – þátttakendur munu læra talmálið. Í öðru lagi eru þátttakendurnir fullorðið fólk og eiga að geta miðlað eigin reynslu og þekkingu. Í þriðja lagi er hópastarf áhrifarík aðferð til stjórnunar fyrir kennarann.

Til eru margar leiðir til að læra með samskiptum við aðra og fræðandi aðferðir við að skipuleggja hópnam. Hér munum við aðeins nefna þrjár þeirra:

1. Púsluspilsæfinguna
2. Að læra saman (eða samvinnu lærdómur)
3. Skipulögð hópvinna

Þessar æfingar eru einfaldar og henta sérstaklega vel sem námsæfingar í íslenskukennslu.

1 Púsluspilið

Æfingin með púsluspilið er frábær fyrir hópa og hentar vel við að tileinka sér nýja færni. Sálfræðiþrófessorinn Elliot Aronson notaði púsluspilið fyrst árið 1971 í Austin í Texas til að koma í veg fyrir eldfimar aðstæður og ringulreið þegar hvítir, svartir og suður-amerískir nemendur voru í fyrsta sinn í sömu kennslustofunni.

Kennarinn býr til töflu og skiptir þátttakendunum í mismunandi hópa. Þátttakendurnir þurfa að geta séð töfluna. Í íslenskukennslu fyrir fullorðna útlandinga er hægt að teikna töfluna á töflu í skólastofu á hverjum degi þegar kennarinn sér hverjir eru mættir. Munið að nemendur þurfa að sjá töfluna og helst á að hafa lærdómsmarkmið dagsins skrifuð á hana. Það er líka hægt að nota töfluna þó púsluspilsfyrirkomulagið sé ekki notað. Svona tafla gefur skýra mynd af því sem er að gerast í kennslustofunni, hægt er að skipta niður í hlutverk og láta fólk skipta um félag á auðveldan og ganglegan hátt. Tafla af þessu tagi er gott hjálpartæki fyrir forfallakennara. Kennarinn getur strax kallað þátttakendur réttum nöfnum sem gerir stjórnun hópsins auðveldari.

Ef kennarinn dreifir yfirlitt kennsluáætlun fyrir daginn gæti verið góð hugmynd að hafa hópvinnutöfluna með í henni. Til að þetta gangi upp þurfa nemendur að mæta reglulega. Á hópvinnutöflunni sést líka hver gerir hvað.

Önnur leið til að skipta hópum er að dreifa litlum boltum (t.d. í fimm mismunandi litum, fjórir í hverjum lit fyrir tuttugu manna hóp), límíðum eða einhverju öðru sem hentar til að nemendur sjái í hvaða hópi þeir eru. Til að hafa góða stjórn á bekknum og vita alltaf hverjir eiga að vinna saman í púsluspilsæfingunni er gott að nota töflu sem skipt er niður í box eins og sýnt er hér að neðan.

Kynjahlutfallið getur verið mismunandi milli hópa. Stundum er betra að engar konur séu í hópnum, frekar en hafa bara eina konu í hópi sem annars bara karlar eru í. Að hafa tvo karla og tvær konur í hópi getur komið vel út, en stundum getur líka verið gott að hafa hópa sem er alveg skipt niður eftir kynjum.

Hægt er að skipta niður í hópa eftir móðurmáli ef fleiri en tveir þátttakendur deila móðurmáli. Það getur komið sér mjög vel að geta notað móðurmálið þegar mikilvægt er að nemendurnir skilji vel innihald texta og hugtaka, þegar unnið er með hluti sem tengjast landinu sem þeir koma frá eða tungumálið og menninguna.

Hægt er að nota misleita hópa þar sem „enginn“ hefur sama mál að móðurmáli við íslenskuþjálfun þegar kennslan hefur það að markmiði að auka málkunnáttuna þannig að fólk fari að tala málið „ósjálfrátt“. Þar sem fáir nemendur eru í hópum getur verið góð hugmynd að vinna í pörum og skipta þeim upp nokkrum sinnum á dag. Þannig er þekkingunni dreift innan para í stað hópa.

Útlit töflunnar sem notuð er í púsluspilsæfingunni

Að sjálfsgöðu er hægt að skipta þátttakaendum niður í ýmskonar flokka eftir því sem við á hverju sinni og hægt er að skipta hópunum bæði lóðrétt og lárétt. Hér eru nokkrar tillögur:

Skipting eftir getu:

	A	B	C	D
1	Mjög duglegir nemendur	Mjög duglegir nemendur	Mjög duglegir nemendur	Mjög duglegir nemendur
2	Meðal góðir nem.	Meðal góðir nem.	Meðal góðir nem.	Meðal góðir nem.
3	Meðal góðir nem.	Meðal góðir nem.	Meðal góðir nem.	Meðal góðir nem.
4	Slakir nemendur	Slakir nemendur	Slakir nemendur	Slakir nemendur

Skipting eftir móðurmáli og kyni:

	A	B	C	D
1	Tyrkneskur Karl	Tyrknesk Kona	Tyrknesk Kona	Tyrknesk Kona
2	Sómölsk kona	Sómalskur karl	Sómölsk kona	Sómölsk kona
3	Urdu kona	Urdu kona	Urdu karl	Urdu kona
4	Urdu kona	Farsi kona	Arabísk kona	Tyrkneskur karl

	A	B	C	D
1	Tyrknesk kona	Farsi kona	Sómölsk kona	Urdu kona
2	Sómölsk kona	Tyrknesk kona	Urdu kona	Farsi kona
3	Makedonisk kona	Urdu kona	Tyrknesk kona	Tyrknesk kona
4	Urdu karl	Sómalskur karl	Arabískur karl	Tyrkneskur karl

Dæmi um uppsetningu á dagsprógrammi:

	A	B	C	D
1	Abdi	Nader	Marek	Jamil
2	Chaima	Stanislav	Juliusz	Tatiana
3	Marian	Safia	Supattra	Elisabeth
4	Elham	Lourdes	Khonow	Faisa

Önnur leið til að búa til þúsluspilshópa er að gefa þátttakendum númer, 1 til 4, líti eða bókstafi (gott er að nota merkimiða) svo í sama hópi séu þátttakendur með sama númer, lit, o.s.frv. Í öðrum hópum hafa þátttakendur önnur númer, líti o.s.frv. (Sjá líka Púsluspilið).

2 Samstarf í námi – að læra saman

Að læra saman þýðir að nemendur vinna saman til að ná sama námsmarkmiði og hver einstaklingur getur aðeins náð árangri ef hinir ná árangri líka (Johnson og Johnson 1999) (Haugaløkken et al. 2006; David W. Johnson et al. 2001). Þegar unnið er samkvæmt þessari fyrirmynd er sérstök áhersla lögð á félagsfærni, framfaramat, traust til annarra, ábyrgð og samskipti.

- Jákvætt, gagnkvæmt traust – þátttakendum ber skylda til að sinna námi sínu og styðja aðra. Hver og einn ber ábyrgð á sjálfum sér og hópnum
- samskipti augliti til auglitis – þátttakendur þurfa að deila hjálpargögnum, hjálpa hver öðrum og gefa fræðilegan og persónulegan stuðning
- félagsfærni - þátttakendur þurfa að læra eða bæta félagsfærni sína (taka ákvarðanir, æfa sig í að taka stjórnina, byggja upp traust, auka samskiptahæfnina og leysa ágreining)
- framfaramat – þátttakendur þurfa að greina og velta fyrir sér vinnunni í hópnum með það að markmiði að auka gagnsemi hópvinnunnar

Þessi vinnuáðferð virkar best þegar unnið er reglulega í hópum sem eru saman til lengri tíma (þetta er algengt á æðri menntunarstigum).

3 Skipulögð vinna í hópum

Spencer Kagan (1994) hefur safnað saman mörgum tegundum af verkefnum sem henta vel til samvinnu í hópum. Þessi verkefni byggja á fjórum tilteknum grundvallatriðum:

- Jákvæð innbyrðis tengsl/ tengingar
 - Getur einhver gert þetta alveg einn? Svarið hér ætti að vera nei. Allir þurfa að læra og allir þurfa að hjálpa öðrum að læra.
 - Ábyrgð einstaklinga
 - Er gert ráð fyrir að allir í hópnum flytji kynningar sjálfir? Svarið á að vera, já. Þetta er stærsti munurinn á skipulagðri vinnu í hópum og hefðbundinni hópvinnu.
- Jöfn þátttaka
 - Hversu jöfn er þátttakan? Allir þurfa að leysa ákveðin verkefni svo hópnum takist að leysa öll verkefni sín.
- Stöðug samskipti
 - Hversu stór hluti þátttakenda er virkur á sama tíma? Því fleiri, því betra.

Hvernig breytir þú kennslunni hjá þér?

Það þarf mikið til að kennari breyti um kennsluáferðir. Dylan Wiliam (2007) er sannfærður um að reynsla síðastliðinna 30 ára sýni að kennarar breyti hugarfari varðandi kennsluna, en ekki aðferðum. Wiliam fullyrðir að kennararnir viti hvað þeir þurfi að gera til að skipta um aðferðir, en það er erfiðara að gera breytingarnar en að vita hvað gera skal. Hann trúir að besta aðferðin við að gera breytingar sé að kennararnir vinni saman í litlum hópum og ræði og prófi aðferðir saman og deili góðum hugmyndum. Fyrirlestar henta best til að auka skilninginn, en hópvinna hentar best til að breyta um aðferðir. Kennslan mun ekki breytast nema kennarinn sé sannfærður og taki fullan þátt, segja Hargreaves and Fullan (2003), en þeir vara líka við innantómum, hlutdrægum tegundum samvinnu eða samvinnu sem hreinlega virkar öfugt. Þess vegna getur verið gott að nota framkvæmdaáætlunina í Wiliam (2007) til að gera breytingarnar:

1. Ímyndaðu þér eitt atriði sem þú vilt breyta.
2. Hvaða árangur áttu von á að breytingin hafi í för með sér?
3. Hvaða breytinga þarfnastu hjálpar við?
 - Hvers konar hjálp þarftu?
 - Hvaða aðrar breytingar viltu gera seinna á árinu?
 - Hvers konar hjálp muntu þurfa?
4. Hvað viltu gera öðruvísi eða hætta að gera til að koma á breytingunum?

Finndu einn eða fleiri samstarfsfélaga til að vinna með. Ljúktu við framkvæmdaáætlunina. Taktu frá tíma og sjáðu til þess að þú gerir það sem þú hafðir ákveðið að gera. Haldið tímasetningar og styðjið hvert annað. Þið náðið árangri ef þið farið yfir hluti saman, vinnið saman og lærið í góðum og gagnlegum félagsskap. Stuðningur og tilfinning um samkennd gerir það að verkum að fólk er tilbúnara til að prófa nýja hluti (Hargreaves & Fullan 2003).

Talþjálfun í hópum

Eftir Toril Kristin Sjo, lektor, deild tungumála og skandinavískra fræða, Háskólanum í Ósló. Hér eru dæmi um einfaldar samstarfsæfingar og hópæfingar. Myndskeiðin sýna sumar æfingarnar. Þegar æfingarnar sem kynntar eru hér eru notaðar fá þátttakendur tækifæri á að tala miklu meiri íslensku en í venjulegu tungumálanámi. Óæskileg og stíð samskipti verða oft þegar þátttakendur tala alltaf við sama fólkið. Með því að nota ólíkar leiðir við að setja saman hópa eins og sýnt er hér, tala þátttakendur við miklu fleira fólk, sem gefur fjölbreytni í samtölum auk þess að gera þau meira krefjandi.

Hópar og kennsla í öðru tungumáli

Að læra með samskiptum við aðra og í hópastarfi er ekki sértæk tækni, heldur heildar kennsluáferð með mörgum ólíkum lausnum. Sérfræðingar í kennsluferðinni byggja hana á kennslufræði og málsálarfræði, og þeir hafa mælt með hópastarfi við kennslu erlendra tungumála í mörg ár.

- Tungumálafræni þátttakenda verður betri vegna samskipta við aðra en eingöngu kennarann, fjölbreytnin eykst.
- Þátttakendur eiga meiri samskipti, sem eykur einnig árangurinn. Námið verður fjölbreyttara og endurtekingar fleiri.
- Þátttakendur reyna miklu frekar að gera sig skiljanlega og taka meiri ábyrgð á eigin námi.
- Það sem þeir heyra og læra tengist. Tungumálið er notað á þýðingarmikinn hátt og hefur sérstakt markmið.
- Tjáning upplýsinga er fjölbreytt og þátttakendur spyrja spurninga, skiptast á hugmyndum, leysa vandamál og endurtaka orð, hugsanir eru skiplagðar og leiðréttingar gerðar jafnóðum. Allt þetta eykur skilning.
- Það er auðveldara fyrir kennara að spyrja spurninga sem skipta máli og eru einstakar þegar þátttakendur þurfa að finna upplýsingarnar sjálfir og útskýra hvað þeir meina. Samskiptin verða því áreiðanlegri en í venjulegri kennslu, þegar kennari spyr spurninga og aðeins fáir þátttakendur svara.
- Það er auðveldara að ræða við félagu um hvert svarið er, en að svara einn og einn í einu.

(Gibbons 2010: 39-40)

Bæði nemendurnir sjálfir og kennarar þeirra gætu efast um gæði þess að nota "eftirlitslaust" tungumál í samskiptum við aðra nemendur. Það er engin ástæða til að hafa áhyggjur af þessu. (Long and Porter 1985):

Nemendurnir

- eyða meiri tíma í að tala við aðra nemendur en við þá sem tala sama tungumál og þeir
- þeir gera jafn mörg mistök sama við hvern þeir eru að tala
- þeir eru leiðréttilir jafn oft og þeir sem eru að tala eigið tungumál,
- þeir biðja jafn oft/sjaldan um aðstoð, sama hvort þeir eru að tala við þá sem eru að tala eigið tungumál eða við þá sem eru að læra tungumálið.

En þeir sem tala eigið tungumál leiðrétta almennt ekki hver annan, og nemendur leiðrétta heldur ekki hver annan. Þeir sem eru að tala eigið tungumál botna setningar hvers annars jafn oft, en nemendur botna setningar sammemenda fimm sinnum oftar. Nemendur fá því meiri æfingu í samtölum við sammemendur.

Í þessari rannsókn komst rannsakandinn að því að þrátt fyrir að nemendur gætu ekki leiðréttilir hvern annan eins og þeir sem töluðu eigið tungumál, gáfu þeir hver öðrum tækifæri á að æfa samskiptahæfni og samningaviðræður um þýðingu tungumálsins. Margir rannsakendur eru á sama máli um þetta, og benda á að þeir sem tala erlentu tungumál útskýri frekar og noti fjölbreyttara tungumál í samtölum við aðra sem einnig eru að tjá sig á erlendu tungumáli heldur en við þá sem eru að tala eigið tungumál. (Crossley and McNamara 2010).

Hópaskipting

Hópur getur verið allt frá tveimur einstaklingum upp í heilan nemendabekk. Skipta má á milli kennslu og námsaðferða hjá tveimur, í litlum hópum og í öllum bekknum, en það gerir kennsluumhverfið áhugaverðara og kraftmeira.

Hópum má skipta eftir eftirfarandi:

- á hvaða stigi nemendi er
- getu
- áhugamáli
- menningu og tungumáli
- kyni

Æskilegt er að skipa fólki í nýja hópa daglega, stundum oft á dag. Það er auðvelt að gera þetta með því að nota töfluna (sjá bls. 15) eða með æfingum eins og *röðinni eða auðlindaborninu*. Einnig eru aðrar æfingar eins og *finna félagi*, *tveir bringir og bringiborð* góðar til að skipa nýja hópa.

Hvað er talþjálfun?

Talþjálfun felur í sér að skipulagðir eru samtalshópar þar sem innflytjendur og flóttamenn fá tækifæri til að æfa sig í íslensku. Ef læra á íslensku er mikilvægt að nota tungumálið eins mikið og unnt er. Talþjálfun er því mikilvæg viðbót við opinbera kennslu í íslensku.

Íslensku leiðbeinendurnir safna fólki saman í flóttamannabúðum, á tungumálakaffihúsum, bókasöfnum eða annars staðar, og koma í gang æfingum þar sem fólkið getur æft sig í að tala íslensku. Talþjálfun getur einnig farið fram í tengslum við annað sem verið er að gera saman svo sem í ferðum, samkomum eða yfir kaffibolla.

Svona hefst starfið

Þemu

Hefjið talþjálfunina með því að gera auðveldar æfingar sem tengjast daglegu lífi. Talþjálfun er ekki tungumálakennsla, málfræði og kenningar, heldur samtalsþjálfun, þjálfun í því að skilja og vera skilin á íslensku. Hugðið að því hvað þið sjálf hefðuð gagn af því að læra ef þið byggjuð í nýju landi. Spyrjið einnig þátttakendur um hvað þeir vilja læra.

Dæmi um þemu gætu verið:

- kynna sig
- segja frá því hvaðan þau koma
- hvernig á að spyrja spurninga
- segja að maður skilji ekki
- þakka fyrir sig
- biðja um aðstoð
- biðja fólk um að tala hægar/skýrar
- segja frá þörfum og óskum
- spyrja til vegar
- spyrja um hvað eitthvað kostar
- tölur
- vikudagar
- mánuðir
- stafa nafnið sitt
- tala um veðrið

Farið varlega í að tala um fjölskylduna og flóttta, þar sem það getur kallað fram erfiðar minningar og tilfinningar. Við mælum með að talæfingarnar séu frekar um hversdagslega hluti og aðstæður. Markmiðið með talþjálfuninni er að æfa sig í íslensku sem nýttist í nýjum aðstæðum innflytjenda á Íslandi.

Hraði

Margir flóttamenn og innflytjendur tala tungumál sem er mjög ólíkt íslensku. Fólk þarf því að leggja mikið á sig til að læra íslenskuna og mikil þörf er fyrir endurtekningu. Íslensku leiðbeinendurnir verða því að benda þátttakendum á að láta vita ef farið er of hratt yfir. Góð ábending fyrir leiðbeinandann, til að skilja hvaða hraða má nota, er að hann/hún læri það sama á tungumáli innflytjandans og hann/hún er að kenna.

Stuðningstungumál

Talþjálfun er háð því að fólk skilji hvert annað. Ef leiðbeinandinn kann ekki tungumál þátttakandans, er vert að vinna með einhverjum sem kann tungumálið. Tveir tungumála leiðbeinendur geta vel þjálfað hóp saman. Sá sem kann íslensku vel, tryggir að tungumálið sé rétt. Sá sem kann lítið í íslensku auk þess að tala tungumál innflytjandans, getur miðlað óskum um það sem innflytjandinn vill læra, og útskýrt á meðan á þjálfun stendur. Sá sem kann tungumál þátttakenda getur einnig tekið þátt í gegnum síma eða Skype, í hluta þjálfunarinnar, geti hann ekki alltaf verið til staðar.

Kannt þú arabísku, kúrdísku, tigrinja, afgönsk tungumál, sómalísku, pólsku, litháisku eða önnur tungumál auk íslensku? Þá ert þú vel til þess fallinn að verða íslenskuþjálfari. Vegna þess að það er auðveldara að læra íslensku hjá einhverjum sem skilur móðurmál viðkomandi.

Hjálpartæki

Farsímar geta verið nýtsamleg hjálpartæki til að æfa sig í íslensku. Hægt er að hvetja þátttakendur til að taka samtöl upp á símann. Ef þeir setja inn í símann þýðingu orðanna á eigin tungumáli og hlusta svo á íslenska leiðbeinandann segja orðin á íslensku, geta þeir æft sig á milli tímanna. Þátttakendur geta einnig notað farsímann til að taka myndir af hlutum sem þeir vilja vita hvað heita á íslensku.

Google translate getur einnig nýst til að þýða milli tungumáls þátttakanda og íslensku. Þetta getur stuðlað að því að leiðbeinandinn og þátttakandinn skilji hvorn annan betur.

Æfingar

Sem íslenskuleiðbeinandi þarftu að gefa þátttakendum tækifæri til að nota tungumálið eins mikið og unnt er. Hér eru nokkrar æfingar til að koma þátttakendum af stað. Það getur tekið nokkurn tíma áður en þátttakendur læra æfingar og skilja hvað þeir eiga að gera. Verið viðbúin því að aðstæður verði frekar óskipulagðar í upphafi, verið þolinmóð og takið sjálf þátt í að sýna á skýran hátt hvað á að gera. Það er klókt að halda sig við eina æfingu þar til hún er alveg farin að virka.

Toril Sjo hefur þróað fjölda æfinga sem má nýta. Æfingarnar má sjá í myndbandinu (ath. allar æfingar eru á norsku).

Finna félag

[Myndband með æfingum «Finn en partner»](#)

- Allir þátttakendur fara út á gólfid og finna sér félag.
- Leiðbeinandi lætur þá fá efni til að tala um, t.d. að kynna sig hver fyrir öðrum.
- Félagarnir tala saman í tvær til þrjár mínútur.
- Leiðbeinandi klappar saman höndum og allir skipta um félag.

Önnur leið: Auðveldari leið er að nota myndir. Þátttakendur fara um herbergið og skiptast á myndum og segja t.d.:

- Ég er með... Hvað ert þú með?
- Ég er með... Eigum við að skipta?
- Já, gjörðu svo vel
- Takk fyrir

Þegar samtali lýkur finna þeir annan féлага

Tveir hringir

[Myndband með hópæfingum «Smultring»](#)

- Þátttakendur mynda tvo hringi þar sem þeir standa á móti hver öðrum.
- Þeir fá þema, myndir eða annað verkefni sem þeir eiga að tala um
- Eftir smá tíma, segir leiðbeinandinn öllum í ytri hringnum að flytja sig um eitt skref til hliðar
- Verkefnið er síðan endurtekið með nýjum félagum. Þátttakendur æfa þannig það sama mörgum sinnum.

Önnur leið: Hægt er að aðlaga verkefnið að því hver kunnátta þátttakenda er. Til að mynda er hægt að hafa verkefnið einfalt, láta þátttakendur kynna sig, eða erfiðara með því að láta þá fá ákveðið samtalsefni.

Fljóti Robin

[Myndband með æfingum «Raske Robin»](#)

- Þátttakendur sitja tveir og tveir saman og segja eitt orð hvor, s.s. dag, tölu, samheiti eða eitthvað slíkt til að læra það og æfa framburð. Þetta á að ganga hratt fyrir sig.
- Eftir smátíma skipta þeir um féлага og gera aftur það sama.

Önnur leið: Þátttakendur sem þegar kunna nokkuð í íslensku, segja setningar tengdar ákveðnu þema. Einnig er hægt að gera þessa æfingu með fleirum í hópi í stað tveggja. Ef hópurinn er lítill, geta þátttakendur einnig hreyft sig á meðan þeir eru að tala.

Hringborð

[Myndband með æfingum «Raske Robin»](#)

- 4 - 5 þátttakendur sitja í kringum borð.
- Þú spyrð spurninga sem hægt er að svara á mismunandi vegu.
- Þátttakendur svara hver af öðrum eins hratt og hægt er.
- Æfingin hentar best fyrir þátttakendur sem kunna smávegis í íslensku, þannig að þeir geti svarað spurningunum.

Önnur leið: Þú getur gert æfinguna einfaldari með því að spyrja spurninga um dagsetningar eða daga. Hvenær ertu fædd/ur? Hvaða dagur finnst þér bestur? Hvað ertu gamall/gömul?

Röð

[Myndband með æfingum «Raske Robin»](#)

- Þú biður þátttakendur að stilla sér upp í röð eftir ólíkum þáttum, s.s. aldri, tungumáli, hve mörgum sinnum þeir æfa í vikunni eða öðru.
- Þátttakendur mega spyrja hver annan spurninga til að vita hvar í röðinni þeir eiga að vera.
- Endurtakið verkefnið með fleiri spurningum.

Önnur leið: Þegar þátttakendur standa í röðinni er hægt að láta þá sem standa hlið við hlið tala saman um ákveðið efni, áður en farið er í næsta verkefni.

Auðlindahornið

Myndband með æfingum «Raske Robin»

- Límdir eru upp miðar með mismunandi þemum í einu horni herbergisins, t.d. árstíðirnar. Val á þema ákvarðar erfiðleikastig æfingarinnar.
- Þátttakendur fara í það horn sem þeim líst best á, eða það horn sem þeir hafa mestan áhuga á.
- Þátttakendur ræða við hópinn um af hverju þeir völdu þetta horn.
- Einn frá hverju horni kynnir svo fyrir öllum hópnum hvað rætt var um.

Önnur leið: Verkefni hópsins gæti t.d. verið að koma sér saman um eina setningu eða rök fyrir þemanu sem valið var og kynna á í lokin. Einnig er hægt að biðja einn einstakling um að fara í hvert horn og vera með kynningu á einu efni sem hann/hún veit mikið um, t.d. um eigið land. Aðrir þátttakendur geta þá farið í þau horn sem þeir vilja og hlustað á það sem viðkomandi hefur að segja.

Kassi með miðum

Hægt er að safna miðum með orðum sem notuð hafa verið í hópnum í sérstakan kassa. Svo má nýta miðana til að endurtaka og æfa aftur það sama. Orðin í kassanum ættu að vera orð sem þátttakendur þekkja og hafa lært. Einnig er hægt að hafa kassa með myndum sem notaðar hafa verið í hópnum ef það passar kunnáttu hópsins betur. Hægt er að nota innihald kassans í ýmsar ólíkar æfingar. Það er mikilvægt að íslenski leiðbeinandi fari á milli og styðji við einstaklinga eftir þörfum.

- Þátttakendur draga miða upp úr kassanum, lesa orðið hátt og hinir þátttakendurnir eiga að útskýra hvað orðið þýðir.
- Þátttakendur draga miða upp úr kassanum, og útskýra það fyrir hinum án þess að segja orðið. Hinir eiga að geta hvað orðið er.
- Sá sem getur orðið, á síðan að búa til setningu þar sem hann notar orðið. Hinir meta hvort hann/hún hafi notað orðið rétt.
- Þátttakendur draga mynd upp úr kassanum. Útskýra fyrir hinum hvað er á myndinni, annað hvort með því að sýna myndina eða ekki.

20 spurningar

Þátttakendur geta setið saman í litlum hópum. Einn þátttakandi hugsar um einn hlut eða einstakling. Aðrir þátttakendur eiga að spyrja spurninga til skiptis og reyna að komast að því hvaða hlut eða einstakling viðkomandi var að meina.

Stílæfing - einföld

Þátttakendur fá blað með orðum eða tölum. Þátttakendur sitja tveir og tveir saman. Annar les orðin upp og hinn skrifar niður.

Þátttakendur skiptast á um að lesa upp og skrifa. Þegar þeir eru búnir, leiðrétta þeir það sem skrifað var eftir leiðbeiningum leiðbeinanda. Í lokin ætti að fara yfir stílæfinguna í sameiningu á töflunni til að vera viss um að allir séu með rétta stafsetningu.

Stílæfing - hlaupandi

Blað með orðum eða setningum er hengt á vegginn fjarri sitjandi þátttakendum. Þeir hlaupa/ganga að blaðinu, leggja orð á minnið og skrifa það niður á blað þegar þeir setjast aftur. Þátttakendur geta einnig setið saman tveir og tveir. Annar les á blaðið, fer aftur í sætið og segir félaganum orðið sem hann á að skrifa niður. Þátttakendur gera svo leiðréttingar saman í lokin.

Stíllæfing - erfiðari

Þátttakendur skrifa niður 4 -5 orð eða heilar setningar. Leiðbeinandi gengur um og athugar hvort öll orðin eru rétt. Þeir setjast saman tveir og tveir. Annar les orðin eða setningarnar og hinn skrifar þau niður. Svo skipta þeir um hlutverk. Þegar báðir hafa lesið upp fyrir hvorn annan, leiðrétta þeir stílana saman. Það er mikilvægt að íslenski leiðbeinandinn fari á milli og styðji við einstaklinga eftir þörfum.

Fleiri æfingar

Fleiri æfingar eru í þessari bók [Din tur! Metodebok for aktiv norskopplæring](#)

Námsefni

Það er til ýmislegt ókeypis námsefni á netinu. Í þessum kafla er bent á námsefni á norsku, sem ef til vill getur einnig nýst í talþjálfun á íslensku. Íslensku leiðbeinendur geta notað efnið til að þjálfra hópa eða benda þátttakendum á að nota til að æfa sig heima. Hvaða efni hentar best fer eftir því hvað þátttakendur kunna fyrir og hvað þeir þurfa að æfa. Það ætti ekki að vera markmið að nota allt efni sem til er. Prófið ykkur áfram og sjáið hvað hentar ykkur og þátttakendum best.

[Vi snakker](#) er áætlun fyrir talþjálfun.

[Lexin bildetema](#) er myndaorðalisti á netinu með þýðingum og talsett á fjölda tungumála. Þetta hentar sérstaklega vel fyrir þátttakendur án hefðbundinnar menntunar. Það er mikilvægt að leiðbeinendur velji efni sem skiptir máli úr myndaorðalistanum og vinni kerfisbundið með það í hópnum. Eftir tímana geta þátttakendur setið heima og æft sig með sömu orð. ATH! Það verður að setja upp Adobe Flash Player ef nota á Lexin myndorðalistana.

[Duolingo](#) er hægt að nota til að læra íslensku þar sem enska er stuðningstungumál. Auðvelt er að nota forritið í farsíma, til að mynda í strætó eða þegar beðið er eftir einhverju. Í öllu efninu eru hlustunarverkefni, talverkefni og þýðingar á skrifuðum texta. Þátttakendur geta einnig átt samskipti sín á milli og keppt um hver fær flest stig.

[Memrise](#) er námsvettvangur með ókeypis íslensku kennslu. Námskeiðin eru gerð af sjálfbodaliðum, en eru ekki gæðametin eins og námskeiðin í Duolingo. Leiðbeinendur geta gert eigin námskeið á Memrise, og þeir geta valið að hafa þau opin öllum eða einungis þeim sem fá sendar krækjur á námsefnið.

[LearnNoW](#) hentar þeim sem hafa frekar mikla menntun. Þetta er námskeið á netinu þar sem texti, hljóð og myndir eru nýtt til að kenna íslensku. Á vefsíðunni er notast við stuðningstungumálin ensku, pólsku og spænsku.

[IntoWords](#) er app til að læra hljóð og að stafa. Það er ókeypis fyrstu 30 dagana.

[Loecsen](#) er ókeypis forrit fyrir «ferðatungumál». Þar er hægt að læra takmörkuð orð og setningar sem koma sér vel þegar ferðast er til annars lands. Á Loecsen eru 40 kennslu- og stuðningstungumál.

[Italki](#) er með blöndu ókeypis efnis og efnis sem er selt. Hægt er að skiptast á reynslu, spyrja um tungumál og fá aðra sem nýta vefsíðuna til að leiðrétta texta ókeypis. Auk þess er hægt að fá Skype-kennslu gegn gjaldi.

[Her bor vi](#) eru góðar hljóðæfingar og myndaorðalistar. Síðan er góð fyrir þátttakendur með litla menntun.

[På vei](#) hæfir best fyrir þátttakendur sem hafa gengið í skóla og þegar bókin sem fylgir með er einnig notuð. Bókin er ekki ókeypis.

[Ny i Norge](#) með verkefnum sem tilheyra kennslubók með sama nafni. En verkefnin er einnig hægt að leysa eitt og eitt í einu.

[Kommunikasjonsperm for pasienter](#) með orðum og setningum sem tengjast sjúkrahúsvist á mörgum tungumálum. Listinn er gefinn út af Sjúkrahúsinu í Østfold.

Framburður

Íslenskur framburður getur verið innflytjendum mjög erfiður. Það er mikilvægt að muna að markmiðið er ekki að þátttakendur nái fullkomnu valdi á íslensku. Hljómur og áherslur skipta ekki öllu máli í upphafi.

Íslensku stafirnir

Hér eru orð á mörgum tungumálum fyrir íslensku stafina. Þetta getur hjálpað þátttakendum að ná íslensku hljóðunum með því að þeir geta líkt þeim saman við hljóð úr eigin tungumáli.

[Arabísk \(pdf\)](#)

[Farsi/Dari \(pdf\)](#)

[Kurdisk \(pdf\)](#)

[Somalisk \(pdf\)](#)

[Tigrinja \(pdf\)](#)

Framburðarþjálfun

Framburðarþjálfun fer fram á ólíkan hátt. Rím, hljóðfall og söngur eru góðar aðferðir - ef leiðbeinandi veldur þeim. Að láta þátttakendur endurtaka það sem leiðbeinandi segir í kór, er einnig góð aðferð. Þjálfun í kór fær þátttakendur til að „sleppa fram af sér beislinu“ við framburð óþekktra hljóða. Þar sem það er mikilvægt að æfa setningar eða orð oft.

Hér að neðan eru nokkrar ábendingar um mikilvæg hljóð í íslensku.

Sérhljóðar

Í íslensku eru fleiri sérhljóðar en í mörgum öðrum tungumálum. Hljóðin æ, ö, á, é, í eru framandi fyrir flestum innflytjendum. Auk þess getur verið erfitt fyrir þá að skilja að enginn munur er á i og y.

Sérhljóðar eru með langt hljóð - við getum sungið þá. Leiðbeinendur ættu því að æfa sig í því að vita hvernig þeir hreyfa munninn þegar þeir bera fram sérhljóðin. Hægt er að nota spegil og skoða hvernig munnurinn er notaður. Endilega ýkja hreyfingar munnsins, því sem Íslendingur gerir maður hreyfingarnar ósjálfrátt og með litlum frávikum. Innflytjendur ættu endilega að gera þessar hreyfingar mjög ýktar til að greina á milli hljóðanna.

Æfing i – y – u/ú (tíl – yndi - ungur)

- **I** – Æfið með því að brosa breitt auk þess að ýta tungunni að neðri tönnum.
- **Y** - Tunga við neðri tennur, efri vör ýtt upp með því að reyna að halda blýanti með vörinni.
- **U/Ú** - Tungan er áfram við neðri tennur, en nú er settur stútur á munninn.

Æfing i – e – æ (enn frekar opinn munnur)

- **I** - Hafid i-hljóðið sem undirstöðu (sjá skýringu hér að neðan)
- **E** - Haltu i-hljóðinu með tunguna niðri og breiðan munn en opnaðu munninn aðeins og færðu tunguna upp.

- **Æ** - Framhald á hreyfingunni við e. Það er mikilvægt að tungan sé áfram við neðri tennur, en munnurinn sem enn opnari þannig að hljóðið verði til lengra niðri.

Æfing u - ö - a (meira og meira um opinn munn)

- **U** - Byrjið með u-hljóði (sjá skýringu að neðan)
- **Ö** - Haldið hreyfingunni frá u-hljóðinu með tunguna niðri, en opnið munninn enn meira þannig að hljóðið myndist lengra niðri.
- **A** - Myndið sama hljóð og ö, en með enn opnari munn. Tungan liggur afslöppuð, en tungubroddurinn er bak við tennur í neðri góm.

Líkamleg viðbrögð (TPR)

Upphafismaður TPR er sálfræðiþrófessorinn James J. Asher.

Þetta er aðferð sem virkar sérstaklega vel í munnlegri tungumálakennslu. Nokkrar mínútur við svona verkefni í upphafi tíma, til að brjóta upp kennsluna, eða í lok tíma, getur virkað jákvætt og er góð leið til nýta tímann vel. Efni til tungumálakennslu á íslensku hefur ekki verið þróað enn, en hægt er að kynna sér efnið á ensku.

Í TPR eru kennarinn eða einhverjir af þátttakendunum fyrirmyndir. Þeir sem ekki eru fyrirmyndir fylgjast með og endurtaka. TPR er hægt að nýta á ólíka máta.

Auðvelt ferli

1. Kennarinn sýnir nokkrar staðhæfingar (eða notar myndir eða annað) og útskýrir hvað hann/hún er að gera. Kennarinn endurtekur hreyfingarnar nokkrum sinnum, og það er skýrt hvað hann/hún vill segja.
2. Kennarinn má ekki leiðrétta þátttakendur málfarslega á meðan á æfingunni stendur.

3. Þátttakendur fylgjast með, hlusta og endurtaka hreyfingarnar, þ.e. herma eftir. Smám saman fara þeir að endurtaka setningarnar. Kennarinn hættir að tala og sýnir einungis hreyfingar. Þátttakendur segja hvað kennarinn er að gera. Að lokum breytir kennarinn röð hreyfinganna og setur þær saman á annan hátt og þátttakendur segja hvað hann/hún er að gera. Kennarinn byrjar með því að gefa leiðbeiningar í einu orði og bætir svo við í stuttar setningar. Gott er að nota spaugsemi og jafnvel óvæntar og skrítnar beiðnir, með það að markmiði að skapa gott andrúmsloft. Það er jákvætt að þátttakendur leggi meiri áherslu á það sem þeir eru gera fremur en það sem þeir segja.

Dæmi um leiðbeiningar fyrir allan hópinn

- Standið upp
- Setjist niður
- Bendið á borðið Gangið að borðinu Komið við borðið
- Bendið á stólinn Gangið að stólnum Komið við borðið
- Takið blaðið upp Setjið blaðið á borðið

Fyrir einstaka þátttakendur

- Nadia, stattu upp og faður til Faisa og snertu hana
- Faisa, farðu til Ali og komdu við stólinn hans
- Raj, gakkðu að stólnum, taktu stólinn upp, og settu hann á borðið.

Góð hugmynd er að nota óvæntar setningar og skemmtilegar. Annars verða þátttakendur fljótt leiðir.

Þessi aðferð er sú sama og börn nota þegar þau læra að tala. Hún virkjar einnig hægri hluta heilans, ekki einungis vinstri hlutann, sem maður notar þegar maður lærir tungumál. Það getur verið að með því að nýta sjónrænan skilning á hreyfingum verði þekkingin vistuð í langtíma minninu. Markmið er að kennarinn segi eins lítið og hægt er, og að þátttakendur segi eins mikið og hægt er.

Þetta gefur ekki fullkomna mynd af aðferðinni, en sýnir áhugaverða leið til munnleugar tungumálakennslu. Ef þið viljið prufa aðferð, smellið á krækju á TPRworld og skoðið YouTube myndskreiðið til að fá tilfinningu fyrir henni. Einnig er hægt að panta mynddisk með leiðbeiningum (hér). Slíkar aðferðir hjálpa kennurum að auka árangur kennslunnar, en það er mín reynsla að kennararnir sjálfir búi til mjög góð tilbrigði af aðferðinni og aðlagi hana að eigin þörfum og starfsaðferðum sínum.

Hér eru margar krækjur á [TPRworld](#).

Dæmi frá [Youtube](#).

Heimildaskrá

- Anderman, E. M., Austin, C. C. & Johnson, D. M. (2002). The development of goal orientation, i *Development of Achievement Motivation*, Wigfield, A. og Eccles J. red., Elsevier inc
- Asher, J. J. (2009) The Total Physical Response (TPR): Review of the evidence. Hentet fra: www.tpr-world.com/review_evidence.pdf
- Black, P. & Wiliam, D. (1998). Assessment and Classroom Learning. *Assessment in education*, 5 (1), 7–74.
- Barnes, D. (1978). *Language in the Classroom. Occasional Papers Number 2*. Applied Linguistics Association of Australia, Centre for Language Learning and Teaching, University of Southern Queensland, Toowoomba, Queensland, 4350, Australia.
- Cranton, P. (2006). *Understanding and Promoting Transformative Learning: A Guide For Educators Of Adults*. Jossey-Bass: San-Francisco
- Crossley, S. A. & McNamara, D. S. (2010, June). Interlanguage Talk: What Can Breadth of Knowledge Features Tell Us about Input and Output Differences? In *TwentyThird International FLAIRS Conference*.
- Dweck, C. S. & Leggett, E. L. (1988). A social-cognitive approach to motivation and personality. *Psychological review*, 95 (2), 256–273.
- Gibbons, P. & Samuelsson, I. (2010). *Stärk språket, stärk lärandet: språk-och kunskapsutvecklande arbetssätt för och med andraspråks elever i klassrummet*. Hallgren & Fallgren: Stockholm
- Hargreaves, A. & Fullan, M. (2003). *Hvad er værd at kæmpe for – i skolen?: samarbejde om forbedring*. Klim: Århus
- Hatch, E. M. & Hatch, E. M. (1978). *Second language acquisition: A book of readings*. Newbury House Publishers.
- Hattie, J. (2009). *Visible learning: A synthesis of over 800 meta-analyses relating to achievement*. Routledge. New York
- Johnson, D. W. & Johnson, R. T. (2002). *Learning together and alone: Overview and meta- analysis*. *Asia Pacific Journal of Education*, 22 (1), 95–105.
- Johnson, D. W. & Johnson, R. T. (1999). *Learning together and alone: Cooperative, competitive, and individualistic learning*. Allyn and Bacon: Massachusetts
- Johnson, D. W., Johnson, R. T., Haugaløkken, O. K. & Aakervik, A. O. (2006). *Samarbeid i skolen*. Pedagogisk psykologisk forlag: Namsos
- Kagan, S. (1994) *Cooperative Learning*, Resources for Teachers, Inc
- Lindberg, I. (2001). Samtalet som didaktiskt verktyg. I *Symposium 2000: ett andraspråksperspektiv på lärande* (63–85). Hentet fra: http://www.su.se/polopoly_fs/1.83990.1333706031!/menu/standard/file/2000_4_Lindberg.pdf
- Lindberg, I. (2003). Second language awareness: What for and for whom? *Language awareness*, 12 (3–4), 157–171. Hentet fra: <http://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/09658410308667074>
- Lowenfeld, V. & Brittain, W. L. (1957). *Creativity and mental growth*.
- Sjo, T. (2013). Korleis gjekk det med Abdou? - Samarbeidslæring som verkemiddel for å betre læringsmiljøet for studentar med norsk som andrespråk. *Uniped*, vol 35 (2013) nr 4. Hentet fra www.unipedtidsskrift.net/index.php/uniped/article/view/20260
- Wiliam, D. (2007). Changing classroom practice. *Educational leadership*, 65 (4), 36. Hentet fra: <http://rapps.pbworks.com/f/Julia%20Articles%20ASLI%202011.pdf>
- Wright, A. (1993). *Pictures for language learning*. Cambridge University Press

Viðbótarlesefni

- Gibbons, P. (2010) *Stärk språket, stärk lärandet: språk-och kunskapsutvecklande arbetsätt för och med andraspråks elever i klassrummet*. Hallgren&Fallgren: Stockholm
- Wright, A. (1993) *Pictures for Language Learning*. Cambridge University Press
- Kagan, S. (1994) *Cooperative Learning, Resources for Teachers*, Inc.
- Johnson D.W. & Johnson R.T (1994), *Learning together and alone*, Allyn and Bacon: Massachusetts
- Stenlev, J.& Kagan, S. (2009) *Cooperative Learning* (på dansk), Alinea: Danmark
- Johnson, D. W., Johnson, R. T & Holubec, E.J. omsett av Aage O. Aakervik (2002), *Som hånd i hanske*, Pedagogisk Psykologisk Forlag: Namsos
- Johnson, D.W., Johnson, R.T., Aakervik A. O. og Haugaløkken O. K. (2006), *Samarbeid i skolen*, Pedagogisk Psykologisk Forlag: Latvia
- High, J. (1993) *Second Language Learning Through Cooperative Learning*, Kagan Publishing: San Clemente
- Golden, A. (2009) *Ordforråd, ordbruk og ordlæring*, Gyldendal akademisk: Oslo
- Sjo, T.K. (2015) *Din tur! Metodebok for aktiv norskopplæring*, Fagbokforlaget: Oslo

